

Reykjavík 11. október 2021

Skútustaðahreppur  
Hlíðarvegi 6  
660 Mývatn

**Efni:** athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og drög að deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði

Fuglavernd gerir alvarlegar athugasemdir við hugmyndir um aukna íbúðabyggð á Skútustöðum, nánar tiltekið á svæðinu á milli kirkjugarðs og Dagmálahóls. Mikilvæg varplönd anda og kríu eru í mýrinni við Boðatjörn og tjörnina neðan Skjólbrekku. Varpfuglarnir sækja dag hvern, sumir reyndar oft á dag, út á Mývatn í ætisleit. Flugleiðin til og frá varpinu er yfir tún og sléttur á milli Stakhólstjarnar og Framengja og markast í vestri af kirkjuhólnum og í austri af Dagmálahól. Fuglarnir, s.s. kafendur og kría, fljúga mjög lágt á þessum ferðum á milli varplandanna við Boðatjörn og Mývatns, aðeins örfáa metra yfir jörðu. Þegar er búið að þrengja að flugleiðum fuglanna með gamla og nýja prestbústaðnum og félagsheimilinu Skjólbrekku. Nú á að ganga enn lengra. Það er mat Fuglaverndar að fyrirhugaðar nýbyggingar munu til lengri tíma litið rýra gildi varplandanna við Boðatjörn fyrir bæði endur og kríu, fuglum sem sækja í þessi varplönd mun líklega fækka. Þetta gerist með því að nýbyggingarnar munu tálma umferð fljúgandi fugla og eins mun aukinn umgangur samfara þéttari byggð vera til trafala fyrir andakollur á ferð úr varpinu yfir á Mývatn með nýklakta unga. Rétt er að benda á að sumar af fyrirhuguðum lóðum eiga að ná alveg niður að votlendinu og er það miður. Einnig, aukin byggð mun hafa varanleg áhrif á ásýnd svæðisins austan við kirkjuna. Fuglavernd hvetur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að taka tillit til náttúruverndarhagsmuna og falla frá þessum hugmyndum.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar  
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri